

Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Dags. 26.2.2013  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2013-18  
0.5

### **Frumvarp til laga um náttúruvernd (þingskjal 537 – 429. mál)**

Á fundi Veðurstofu Íslands með Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis komu fram óskir um að Veðurstofan kæmi með tillögu er varðaði 56. gr. frumvarps til laga um náttúruvernd, en greinin fjallar um vernd bakkagróðurs. Jafnframt er komið stuttlega inn á aðra þætti sem ræddir voru á fundinum.

#### **1. Tillaga um breytingu á 56. gr.**

56. gr.

„Vernd vatnsbakka.

Við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum vatnsbakka við straumvötn og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á því vistkerfi sem einkennir vatnsbakkana og næsta umhverfi vatnsins.“

Skýring: Veðurstofan telur mikilvægt að vernda umhverfi eða vistkerfi við vatnsbakka sem heild. Jarðvegurinn sjálfur er einn af meginþáttum við síun vegna álags, s.s. dreifðar losunar næringarefna, mögulegra óhappa og breytinga á vatnsfarvegum. Gróður er vissulega mikilvægur í þessu efni, en sem hluti af þessari vistkerfisheild. Með þessu skrefi er stuðlað á farsælan hátt að bættari umgengni við vatnsauðlindina og ástand hennar. Æskilegt gæti verið að setja fram leiðbeinandi viðmið um breidd bakkanna, jafnvel þótt það væri aðeins ráðgefandi. Mögulegt væri að skilgreina breidd bakkanna sérstaklega þar sem vistkerfi eru fágæt eða sérstök, s.s. við laxveiðiár og á fuglasvæðum.

#### **2. Álag**

Í ljósi þess að markmið 56. gr. og laganna í heild er að lágmarka álag á náttúruleg vistkerfi telur Veðurstofan afar mikilvægt að skilgreining á álagi sé sett fram í lögnum. Nauðsynlegt er að líta til þess að hugtakið *álag* hefur tekið þó nokkrum breytingum á undanförunum árum, bæði hérlendis og erlendis og mikilvægt er að fá alla aðila í sömu spor hvað það varðar.

Veðurstofan leggur til að eftirfarandi skilgreiningu á álagi verði bætt inn í 5. gr. frumvarpsins:

„*Álag*: Áhrif af mannlegum umsvifum sem hafa umtalsverð áhrif á eðli, ástand eða ásýnd vistkerfa og umhverfi. Álag getur verið vegna breytinga á efnafræðilegum, eðlisfræðilegum eða formfræðilegum þáttum.“

Skýring: Almennt er eingöngu litið til hættulegra mengandi efna eða ofgnóttar næringarefna sem *álags*. Á seinni tímum hafa eðlisfræðilegir og formfræðilegir þættir komið inn í auknum mæli sem álagspættir. Þar má m.a. nefna álag vegna vatnstöku úr yfirborðsvatni og grunnvatni, verulegar breytingar á formfræði árfarvega, sem og framkvæmdir og annað sem veldur álagi á umhverfi. Þessir og aðrir sambærilegir þættir eiga við um náttúruvernd almennt.

### **3. Jöklar**

Veðurstofan telur æskilegt að jöklar séu nefndir í lögum um náttúruvernd sem mikilvægur og einstakur þáttur í ásýnd lands og sérkennum þess. Mælt er með að þessu atriði verði bætt í 3. gr., staflað c).

3. gr.

*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.*

Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,
- b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu,
- c. að vernda vatnsfarvegi, fossa, stöðuvötn og jökla svo sem kostur er,
- d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,
- e. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Virðingarfyllt



Árni Snorrason, forstjóri VÍ